

# LÖGMANNA BLAÐIÐ



6. árg.

Mars

1 / 2000

Við lok kjörtímabils

Af Merði lögmanni

Fréttir frá félagsdeild LMFÍ

Árshátíð

Dómar framtíðarinnar

Gróa@leiti.is

Nýr starfsmaður Félagsdeildar Lögmannafélagsins

Hverjir verða dómaraframtíðarinnar?

Breytingar á félagatali

Fyrir því stefnist

Frá endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands  
Námskeið fyrir lögfræðinga

Stefnuvottar

Útgefandi:  
Lögmannafélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:  
Jóhannes Karl Sveinsson hdl.

Ritnefnd:  
Bjarki H. Diego hdl.  
Björn L. Bergsson hrl.  
Ragnar H. Hall hrl.

*Jakob. R. Möller hrl.*

**Við lok  
kjörtímabils**

—  
**Bls. 3**

*Sigurður T. Magnússon  
og  
Jón Steinar  
Gunnlaugsson hrl.*

**Dómar  
framtíðarinnar**

—  
**Bls. 9 og 14**

*Björn L. Bergsson hrl.*

**Fyrir því  
stefnist**

—  
**Bls. 17**

# Kíktu á heimsíðu Lögmannafélagsins slóðin er:

[www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)

## Réttur pappír á réttum stað!

Við sérhæfum okkur í pappír fyrir allar  
gerðir skrifstofutækja.

- Geislaprentara; bleksprautu
- Ljósritun í lit og svörtu
- Ljósritunarpappír í 25 litum
- Allar stærðir og gerðir umslaga

Leitið upplýsinga

# hvítlist

**PAPPÍR TIL PRENTUNAR**

Bygggörðum 7 • 170 Seltjarnarnesi • Sími 561 2141

## LÖGMENN

Löggiltar þýðingar á dómskjölum og  
öðrum gögnum. Dómtúlkun.

*Skjót og vönduð  
vinnubrögð.*

### **ÞÝÐINGAR OG TEXTARÁÐGJÖF**

Pósthússtræti 13, 2. hæð  
101 Reykjavík • Sími: 562-6588  
Bréfsími: 562-6551

Netfang: [ellening@islandia.is](mailto:ellening@islandia.is)

### • **Ellen Ingvadóttir**

löggiltur dómtúlkur og  
skjalþýðandi

# Við lok kjörtímabils

Í 3. mgr. 10. gr. Samþykktu Lögmannafélags Íslands er sagt, að óheimilt sé að endurkjósa sama mann til formanns oftari en tvisvar í röð. Undirritaður sem var kosinn formaður LMFÍ á aðalfundi í marz 1998 og endurkjörinn í marz 1999, gæti því sótt eftir endurkjöri nú á aðalfundi 17. marz. Á haustmánuðum tók ég þá ákvörðun að sækjast ekki eftir endurkjöri og kynnti þá ákvörðun samstarfsmönnum mínum í stjórn og félögum mínum á Málflutningsskrifstofu, og síðar LOGOS. Hefur þessi ákvörðun ekki verið neitt leyndarmál, þótt ekki hafi hún verið beinlínis kunngerð félögum í LMFÍ.



**Jakob R. Möller,  
hrl., formaður  
L.M.F.Í.**

-----  
*Þá er því ekki að neita,  
að ég kys frekar að láta  
af störfum, þegar  
einhverjir félagsmenn  
kynnu enn að spyrja  
hversvegna, fremur en að  
fara af því að ég ætti  
ekki annan kost.*  
-----

Ástæður þess að ég sækist ekki eftir endurkjöri eru ýmsar. Ein er að mjög margt af því sem beið nýrrar stjórnar í marz 1998 vegna nýrra laga um lögmenn og þá fyrirhugaðra breytinga á samþykktum félagsins er þegar komið í höfn, eða verkefnum er að ljúka. Metnaður minn laut fyrst og fremst að því að fylgja eftir þeim breytingum og undirbúa félagið fyrir nýja tíma. Þá er því ekki að neita, að ég kys frekar að láta af störfum, þegar einhverjir félagsmenn kynnu enn að spyrja hversvegna, fremur en að fara af því að ég ætti ekki annan kost.

## **Ábrif nýrra lögmannalaga og samþykktu LMFÍ**

Þegar ég var kosinn í stjórn félagsins á aðalfundi í marz 1996, á síðara formannsári Þórunnar Guðmundsdóttur, hrl., voru breytingar á lögum um lögmenn í deigluinni og var mjög lærdómsríkt að starfa að því undir stjórn Þórunnar, og síðar Sigurmars K. Albertssonar,

hrl., að fá hljómgrunn á meðal dómsmálaráðherra og Alþingis fyrir sjónarmiðum félagsmanna um meginreglur lögmannalaga. Í stórum dráttum fengu sjónarmið félagsins framgang, ekki sízt um að eftirlits- og agavald með félagsmönnum yrði áfram í höndum félagsins eða tengslum við það. Aðrir reglur laganna, sem settar voru að frumkvæði félagsins, lúta einnig að sjálfstæði lögmannastéttarinnar, það er ákvæði 12. gr. um skyldu til að hafa skrifstofu opna almenningi og ákvæði 19. gr. um að lögmenn einir geti átt og rekið félag um lögmannsskrifstofu.

## **Sjálfstæð lögmannastétt**

Af 12. gr. lögmannalaga sést, að meginregla laganna er, að lögmenn séu sjálfstæðir og ekki öðru háðir en hagsmunum viðskiptamanna sinna, lögum og siðareglum. Þrátt fyrir þessa meginreglu, er stór hópur virtra og velmetinna félagsmanna starfsmenn hjá stofnunum og einkaaðilum, og beinlínis gert ráð fyrir því í undanþáguheimildum 12. gr. Á þessu starfsári hefur starf stjórnar ekki sízt beint að því að móta og skýra reglur um undanþáguheimildir samkvæmt 12. gr., svo og að berjast fyrir því, að ekki séu reknar lögmannsskrifstofur í trássi við 4. mgr. 19. gr. laganna. Horfir þessi barátta öll að því að styrkja sjálfstæði stéttarinnar. Nokkuð hefur komið á óvart, að hópur fulltrúa framkvæmdavaldsins hefur sótt það mjög ákafat að fá aðild að félaginu á grundvelli undanþáguheimilda 12. gr. lögmannalaga. Er ekki alveg útséð um hvornig það muni fara.

## **Vörn fyrir sjálfstæðið**

Ekki er því að leyna, að stjórn félagsins hefur talið að dómsmálaráðuneyti hafi ekki sinnt skyldum sínum samkvæmt 15. gr. lög-

## **Lögmannafélag Íslands**

Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
sími (telephone): 568-5620  
bréfsími (telefax): 568-7057  
tölvupóstur (E-mail): [lmfi@lmfi.is](mailto:lmfi@lmfi.is)  
heimasíða: [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)

### **Stjórn L.M.F.Í.**

Jakob R. Möller, hrl.,  
formaður  
Ásgeir Thoroddsen, hrl.  
varaformaður  
Gunnar Jónsson, hrl.,  
gjaldkeri  
Sif Konráðsdóttir, hdl.,  
meðstjórnandi  
Valborg Þ. Snævarr, hdl.,  
ritari

### **Starfsfólk L.M.F.Í.**

Ingimar Ingasson,  
framkvæmdastjóri  
Jóna Kristjana Kristinsdóttir,  
félagsdeild  
Hildur Pálmadóttir, ritari

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.  
Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn:  
kr. 1.500 + vsk.  
Verð pr. tölublað kr. 300 + vsk.  
Netfang ritstjórnar: [jks@landslog.is](mailto:jks@landslog.is)

### **Prentun:**

Ísafoldarprentsmiðja

### **Um sjón auglýsinga:**

Öflun ehf., sími 561-4440

mannalaga, það er að fella niður réttindi þeirra, sem taka við opinberu starfi sem ósamrýmanlegt er handhöfn lögmansréttinda. Hefur ráðuneytið gefið út lögmansréttindi til allra þeirra lögfræðinga, sem uppfylla formskilyrði laganna, algjörlega óháð því hvort þeir gegni opinberum störfum. Hefur þetta leitt til þess, að þessir lögfræðingar, sem ekki reka lögmansskrifstofur, hafa sótt til félagsins eftir undanþágum frá skyldum samkvæmt 12. gr. Stjórnin hefur synjað þeim um undanþágur, sem hún hefur talið fulltrúa framkvæmdavaldsins, og talið það skyldu sína. Þessi niðurstaða breytir því ekki, að þessir lögfræðingar hafa verið settir í óþægilega stöðu, sem dómsmálaráðuneyti hefði auðveldlega getað afstýrt. Annar lítil hópur lögmanna hefur ráðið til starfa hjá öðrum en lögmönnum, einkum endurskoðunarskrifstofum, ekki til þess að veita slíkri starfsemi lögmansþjónustu heldur viðskiptamönnum hennar. Stjórnin hefur talið, að þetta væri í andstöðu við ákvæði 12. og 19. gr. lögmannaalaga og takmarkað undanþágur skýrlega samkvæmt 12. gr.

### **Framtíðin**

Hinn kunnir danski heimspækingur Storm P. sagði einhverju sinni, að það væri vandi að spá, sérstaklega um framtíðina. Mættum við minni spámenn hafa þetta í huga. Þó verður ekki hjá því komið að hugleiða þróun starfa lögmanna á næstu árum. Á sviði hverskyns lögfræðilegrar ráðgjafar fyrir atvinnulífið takast á ýmsar starfsstéttir, þar á meðal lögmenn, endurskoðendafyrirtæki, verkfræðistofur og fleiri mætti nefna. Lögmenn hafa ekki einkarétt á slíkri lögfræðilegri ráðgjöf, og mörg okkar mundu ekki vilja slíkan einkarétt, þótt í boði væri. En við viljum heldur ekki, að viðskiptalífið sæti því að fá **lögfræðilega** ráðgjöf frá starfsstéttum sem hafa ekki menntun og þjálfun til þess að veita hana. Slíka ráðgjöf má heldur ekki veita í skjóli lög-

mansréttinda, sem haldið er í trássi við ákvæði lögmannaalaga. Sjálfstæði lögmansstéttarinnar er ekki fyrst og fremst hagsmunamál lögmanna sjálfra. Sjálfstæðið er nauðsynlegt réttarríkinu og þörfum almennings og viðskiptalífsins.

- - - - -

### *Á sviði hverskyns lögfræðilegrar ráðgjafar fyrir atvinnulífið takast á ýmsar starfsstéttir, þar á meðal lögmenn, endurskoðendafyrirtæki, verkfræðistofur*

- - - - -

Á allra síðustu misserum hefur umhverfi lögmanna einnig breytzt í því að til hafa orðið nokkru stærri lögmansstofur en áður, en aðrar öflugar stofur hafa sundrast. Þróun til stærri stofa mun sjálfstæð haldast áfram að einhverju marki. Henni eru þó veruleg takmörk sett vegna smæðar samfélagsins, einkum vegna þess að lögmansstofur með mörgum eigendum reka sig á, að ýmiskonar hagsmunaágreiningur á milli hugsanlegra viðskiptamanna veldur því að gera þarf upp á milli viðskiptamanna og hafna verkefnum. Þessi þróun er, að mínu viti, þó í heildina mjög jákvæð, leiðir til öflugri lögmansstofa, sem færar eru um að veita víðtækari og betri þjónustu. Þróunin veldur því líka, að minni hætta er á, að einstakir lögmenn verði of háðir einstökum viðskiptamönnum. Hérlandis hefur ekki verið farið inn á þá braut að takmarka þann hlut sem einstakur viðskiptamaður geti haft í störfum lögmanna. Engu að síður verða lögmenn, til þess að halda sjálfstæði sínu, að hafa sifflert í huga hættuna á að verða of bundnir einstökum viðskiptamönnum.

### **Félagsdeild**

Starfsemi hinnar nýju félagsdeildar er nú mjög að mótast, einkum eftir að sérstakur starfsmaður,

Jóna Kristinsdóttir, kom þangað til starfa. Lítil vafi er á því, að lögmenn hafa þegar orðið varir við störf hennar og verða það enn frekar á næstu misserum. Félaginu er nauðsynlegt að félagsdeildin verði öflugt tæki hagsmuna- og félagsstarfs.

### **Nýjar síðareglur**

Síðareglur félagsins sættu síðast heildarendurskoðun fyrir röskum tuttugu árum. Var því ljóst, að vinna yrði að gerð nýrra síðareglna, bæði vegna breytinga á lögmannaalögum, öðrum lögum og áhrifa frá Evrópusamstarfi. Þessi heildarendurskoðun, undir forystu Hákonar Árnasonar, hrl., er nú komin að lokum. Frumvarp til nýrra síðareglna var kynnt á félagsfundi 17. febrúar og verður það, með nokkrum breytingum, lagt fram til samþykktar á aðalfundi félagsins 17. marz. Ég teldi mér að því sóma, ef þess yrði síðar minnt að endurskoðun síðareglna hefði verið síðasta verkið sem unnið var í formannstíð minni.

### **Þakkarorð**

Þegar ég senn læt af störfum, er ég mjög þakklátur félagsmönnum fyrir að hafa fengið tækifæri til að vinna að málefnum Lögmannafélagsins. Víst hefur það verið tímafrekt og erilsamt á köflum, en það vissi ég þegar ég sóttist eftir kjöri. Enginn er neyddur til þess að taka starfið að sér og þá einber hræsni að kvarta yfir því sem skyldunum fylgir. Von mín er sú, að Lögmannafélagið sé nú búið undir allra nánustu framtíð með þeim tækifærum, og ógnum, sem henni fylgja.



# HÆSTARÉTTARDÓMAR

Hjá dómverði Hæstaréttar fást eftirtaldir árgangar:

|             |       |      |         |                            |       |      |          |              |
|-------------|-------|------|---------|----------------------------|-------|------|----------|--------------|
| 1920-1924   | 500.- | 1972 | 500.-   | 1942                       | 500.- | 1986 | 1.800.-  | tvö bindi    |
| 1925-1928 A | 500.- | 1973 | 500.-   | 1943                       | 500.- | 1987 | 2.400.-  | tvö bindi    |
| 1925-1929 B | 500.- | 1974 | 500.-   | 1944                       | 500.- | 1988 | 3.000.-  | tvö bindi    |
| 1930        | 550.- | 1975 | 500.-   | 1945                       | 500.- | 1989 | 3.600.-  | tvö bindi    |
| 1931-1932   | 500.- | 1976 | 500.-   | 1946 ljþ                   | 800.- | 1990 | 4.500.-  | tvö bindi    |
| 1933        | 500.- | 1977 | 500.-   | 1966                       | 500.- | 1991 | 5.000.-  | tvö bindi    |
| 1934        | 500.- | 1978 | 500.-   | 1967                       | 500.- | 1992 | 6.000.-  | þrjú bindi   |
| 1935        | 500.- | 1979 | 500.-   | 1968                       | 500.- | 1993 | 6.600.-  | þrjú bindi   |
| 1936        | 500.- | 1980 | 700.-   | 1969                       | 500.- | 1994 | 8.800.-  | fjögur bindi |
| 1937        | 500.- | 1981 | 800.-   | 1970                       | 500.- | 1995 | 8.800.-  | fjögur bindi |
| 1938        | 500.- | 1982 | 900.-   | 1971                       | 500.- | 1996 | 11.000.- | fimm bindi   |
| 1939        | 500.- | 1983 | 1.000.- |                            |       | 1997 | 8.800.-  | fjögur bindi |
| 1940        | 500.- | 1984 | 1.200.- | 50% afsláttur til laganema |       | 1998 | 11.000.- | Fimm bindi   |
| 1941        | 500.- | 1985 | 1.400.- |                            |       |      |          |              |

# Af Merði lögmanni

**M**örður hefur, eins og aðrir lögmennt, fylgst af áhuga með sameiningu og sundrunu lögmannsstofa. Hann hafði horft á stærstu lögmannsstofu landsins verða til undir útlensku heiti, sem minnti á nafn á kúbanskri salsahljómssveit. Mördur taldi að það hlyti að vera gaman að vera á svona stórra lögmannsstofu. Nýverið átti hann erindi á þessa stóru stofu og varð mjög hrifinn; þetta var eins og mauraþúfa, alls staðar fólk að vinna, fulltrúar í öllum hornum og ritarar á þönum. Hann hafði þó hugsað með sér að hann, Mördur, ætti enga möguleika á því að verða þátttakandi í þessum leik, hann væri bara í þessum götu“business“ og yrði það áfram, einn með sjálfum sér og faxvélinni.

Hann varð því þægilega undrandi og upp með sér þegar einn af hans gömlu félögum úr „Deildinni“ hafði samband og bað hann að koma á fund til að ræða hugsanlega sameiningu. Félaginn var mjög laumulegur og lagði áherslu á þetta væri fullkomið trúnaðarmál, Mördur veðraðist allur upp. Þegar hann mætti á fundinn voru þar saman komnir þrír lögmennt auk hans sjálfs. Þarna var digurvaxinn kvenmaður, sem var aðeins á undan Merði í Deildinni. Hún hafði orð á sér að vera svo hörð í skilnaðarmálum að eiginmennirnir sáu þann kost vænstan að flytja aftur heim til eiginkvennanna. Hún keðjureykta. Þá sat þarna förlur og horaður héraðsdómslögmaður, sem Mördur hafði aldrei skilið hvernig þrífist gæti í lögmenntsku. Hann hafði starfað á skattstofunni árum saman, þegar ungur nýútskrifaður lögfræðingur var gerður að deildarstjóra en hann ekki. Þeim föla var misboðið, sagði upp og stofnaði eigin stofu. Mördur grunaði að hann ynni aðallega við skattframtöl. Hann hafði aldrei gifst og bjó með mömmu niður í Norðurmýri. Hann hafði verið boðaður á fundinn, sem væntanlegur sérfræðingur hinnar nýju sameinuðu stofu í skattarétti. „Það er augljóst að slíkir sérfræðingar eru ekki á hverju strái“ hugsaði Mördur. Fjórdi fundarmaðurinn, og sá sem boðað hafði fundinn, var hæstaréttarlögmaður, sem einkum hafði lagt sig eftir málsvörn í fíkniefnamálum, mikill töffari og ók um á mótorhjól í frístundum. Hann rak lög-

mannsstofu í lítilli verslunarmiðstöð, í einu af úthverfum borgarinnar. Við hliðina á honum var tattóveringastofa, en hinum megin vídeóleiga.

Þegar líða tók á fundinn fóru menn að varpa fram nöfnum á finum kúnnum. Keðjureykingamanneskjan virtist hafa verið með alla skilnaði fræga og fína fólksins undanfarna áratugi. Einu nöfnina sem vantaði voru Karl og Díana. Merði fannst þetta skritinn business, flestir skildu aldrei á lífsleiðinni og þeir sem það gerðu, gerðu það bara einu sinni. Merði virtist sem hún hlyti að vinna aðeins einu sinni fyrir hvern kúnna. Að vísu áttaði Mördur sig á því hversu lengi hann hafði verið í lögmenntsku, þegar kona sem hann hafði aðstoðað í skilnaðarmáli á fyrstu árunum í lögmenntsku kom aftur til að skilja við mann númer tvö, og nokkru seinna til að ganga frá kaupmála við mann númer þrjú. Kannski þetta væri mælikvarði á lengd lögmannslífs.

Þegar rætt hafði verið um kúnnana um stund var farið að ræða starfsfólkið. Sá föli sagði mömmu alltaf hafa verið á símanum hjá sér og ekki kæmi annað til greina en hún héldi því áfram. „Það hlýtur að vera skotthúfukerlingin, sem situr í afgreiðslunni hjá honum, les Alt for damerne og hreytir ónotum í þá sem inn koma“ hugsaði Mördur. Mótorhjólátöfvarinn bauð fram keðjuklædda, rauðhærða tveggja metra háa dí, sem Mördur hafði reyndar alltaf verið frekar smeykur við. Sú dígra í hjónaskilnuðunum vildi halda í hann Svenna, sem hafði verið hjá henni árum saman. Nokkrar umræður urðu á fundinum um nafn hinnar nýju stofu. „Lagastúdíóið“ kom frá nággranna tattóveringastofunnar, skilnaðarlögfræðingurinn stakk upp á nafninu „Skiljum og slítum“, sá föli lagði til að stofan skyldi heita „Lögmannsstofan“.

Á þessu stigi fannst Merði málið fara úr böndunum. Lögmenntirnir fóru að rífast um mismunandi skjalaskráningarkerfi, mismunandi reikningsgerð, misgöð bókasöfn o.s.frv. Þegar hjónaskilnaðarsérfræðingurinn barði þann föla ákvað Mördur að yfirgefa samkomuna. Hann velti því fyrir sér hvort sameiningarviðræður færu alltaf svona fram. Hann fór glaður heim á sinn kontór, sáttur við einyrkjabúskapinn.

# Fréttir frá Félagsdeild LMFÍ

## **Hver er ávinningur félagsmanna í Félagsdeild LMFÍ?**

Það er ekki skyllda að vera í Félagsdeild LMFÍ en það er óneitanlega kostur. Þá kunna einhverjir að spyrja? Hvað gerir Félagsdeildin fyrir mig? Félagsdeildin mun efla og treysta félagið, félagsdeildin mun gera lögmenn að hæfari lögmönnum og stjórnendum. En hvernig? Helstu verkefni Félagsdeilda eru: Endur- og símenntun lögmanna, útgáfumál, markaðssetning á þjónustu lögmanna, bestukjarasamningar við birgja, ímyndaruppbygging lögmanna-stéttarinnar, skipulagning félagsmála LMFÍ ss. árshátíða, orlofsmála, íþróttaviðburða o.fl.

Það eru ekki einungis sú félagslega vitund sem lögmenn öðlast í Félagsdeildinni heldur er einnig um fjárhagslegan ávinning að ræða. Hver vill ekki lækka rekstrararkostnað við skrifstofuhald eða rækta mannauðinn á lögmannsstofunum? Ég held að nær allir svari ofangreindum spurningum játandi. Félagsdeildin stendur fyrir námskeiðahaldi fyrir lögmenn. Leitast mun enn frekar við að efla endurmenntunarpáttinn og koma einnig inn á svið sem tengjast rekstrinum og gæðamálum. Einnig mun þáttur í endurmenntun fyrir starfsmenn á lögmannsstofnum verða skoðaður og hvernig gera megi starfið enn skemmtilegra og ábyrgðarfyllra. Sá fjárhagslegi ávinningur sem tæpt var á mun best lýsa sér í beinum kostnaðarlækkunum með bestukjarasamningum og ánægðari starfsmönnum.

## **Bestukjarasamningar lögmanna - lækkun rekstrararkostnaðar**

Þegar hefur verið hafist handa við samninga við birgja um afslætti og tilboðsverð á helstu rekstrarvörum. Fundað hefur verið með ritfangahaidsölum, prentsmiðjum,

fjölritunarstofum, tölvufyrirtækjum, hreinlætis- og rekstrarvörubirgjum, flugfélagi, fyrirtæki með skjalvistunarlausnir, skrifstofuhúsgögnum o.fl. Hugmyndir um afsláttarkjör og þjónustutilboð hafa verið rædd við fyrirtæki sem vinna með hugbúnaðarlausnir og unnið er að tilboðum á flestum sviðum er viðkoma rekstri á lögmannsstofum.

Með tilkomu afsláttarsamninga verður hægt að lækka kostnað verulega. Fyrirtæki hafa verið mjög jákvæð og þegar hafa fengist afsláttarkjör sem munu koma til með að lækka kostnað umtalsvert. Hugmyndin er sú að þegar samningar hafa náðst við sem flesta aðila, verði útbúin mappa með afsláttarkjörum og send þeim lögmönnum sem eru félagar í Félagsdeild LMFÍ. Steft er að því að mappan verði tilbúin í vor. Afslátturinn verður tengdur við kennitölu viðkomandi lögmanns og lögmannsstofu og fær viðkomandi lögmaður greiðslukort, svokallað fyrirtækjakort. Með reikningi kemur sundurliðað yfirlit yfir kaup sl. mánaðar. Með því er hægt að fylgjast með kostnaði við reksturinn á einum stað. Greiðslukortið er einnig hugsað sem félagsskríteini þeirra sem eru í Félagsdeildinni.

## **Vörusýning fyrir lögmenn, skrifstofustjóra og ritara á lögmannsstofum**

Fyrirhugað er að Félagsdeild LMFÍ og þau fyrirtæki sem taka þátt í bestukjarasamningum haldi kynningu á vöru sinni og þjónustu. Mun lögmönnum og þeim starfsmönnum sem sjá um innkaup á lögmannsstofum verða boðið að kynna sér bestukjarasamninga Félagsdeilda. Verða þar kynntar helstu nýjungar t.d. í skjalavistar- og geymslurýmum. Verður dagsetning vörुकynningarinnar auglýst síðar.


## **Heimasíða LMFÍ**

Vinna við nýja heimsíðu LMFÍ hefur einnig verið sett af stað. Fundað hefur verið með nokkrum aðilum í heimasíðugærd. Heimasíða LMFÍ mun taka nokkrum breytingum í þá veru að gera síðuna einfaldari og aðgengilegri almenningi. Er það þáttur í ímyndaruppbyggingu félagsins. Heimasíðan mun annars vegar þjóna lögmönnum og hins vegar vera almenningi til aðstoðar ef leita þarf lögmanns. Þjónustuskrá lögmanna verður ítarleg og munu lögmenn geta skráð þau svið sem þeir sinna og/eða eru sérfræðingar í. Þjónustuskráin verða send út bráðlega og biðjum við lögmenn að bregðast fljótt og vel við. Þjónustuskráin mun verða sett inn á heimasíðu LMFÍ þannig að auðvelt verði fyrir almenning að finna sérsvið lögmanna á netinu. Gert er ráð fyrir að hluti af heimasíðunni verði á ensku. Mun það opna fyrir erlend samskipti og gera erlendum aðilum auðveldara að leita að íslenskum lögmönnum þar sem sérsvið, netföng og heimasíður lögmanna verða skráð.

Ofangreind upptalning er ekki tæmandi um þau verk sem þegar eru farin af stað, né það sem koma skal. Er hér einungis lauslega tæpt á helstu atriðum. Með samstilltu átaki allra lögmanna munum við gera Félagsdeildina sterka og virka innan félagsins.

*Jóna Kristinsdóttir  
11. febrúar 2000.*

[www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)



## Stálslegið öryggi

Öryggisskáparnir frá Rosengrens eru traust geymsla fyrir peninga, skjöl, tölvugögn og önnur verðmæti. Skáparnir sem eru í hæsta gæðaflokki fást í ýmsum stærðum og gerðum. Kynnið ykkur úrvalið.

YDDA/ISA

**Bedco & Mathiesen ehf**  
Bæjarhrauni 10  
Hafnarfirði  
Sími 565 1000

**BEDCO & MATHIESEN**

## Árshátíð!

Nú þegar lögmenn sigla inn í nýtt árbúsund hefur verið ákveðið að hefðbundin árshátíð LMFÍ verði haldin sem árbúsundahátíð.

Menn munu lengi minnast árshátíðar Lögmannafélags Íslands á síðast liðnu ári, er Gunnar Jónsson hrl. sýndi ótrúlega glæsilega takta í gervi Elvis Presley. Var um ógleymanlegan persformans að ræða og Lögmönnum Mörkinni til mikils sóma. Hafði skemmtinefnd félagsins falið þeirri stofu að annast skemmtiatriði fyrir árshátíð í samræmi við þá stefnu nefndarinnar að stofurnar skuli skiptast á í þeim efnum. Var AP-lögmönnum falið að annast skemmtiatriði fyrir árbúsundahátíð félagsins sem haldin verður þann 18. mars n.k. Skemmtinefndin átti ekki von á svo víðtækum afleiðingum þeirrar ákvörðunar nefndarinnar sem varð í reynd, en skömmu síðar var tilkynnt um að AP-lögmenn myndu sameinast annarri landsþekktri lögmennastofu. Töldu skemmtinefndarmenn augljósar ástæður sameiningarinnar; að ná saman enn betra skemmtiatriði. Á undanförunum árshátíðum hefur sannast að lögmenn eru dansmenn góðir upp til hópa. Hefur Hljómsveit Birgis Gunnlaugssonar átt sinn þátt í að leiða þessa staðreynd í ljós en sveitin mun einmitt leika undir dansi á komandi árbúsundahátíð. Þá munu glæsilegar söngkonur flytja klassískt skemmti- og söngatriði en veislustjóri, Þórunn Guðmundsdóttir hrl., mun að sögn ekki flytja lögmönnum söngatriði að þessu sinni.

Árbúsundahátíðin, sem háð verður í Víkingasal Hótel Loftleiða, verður að öðru leyti með hefðbundnu sniði. Er lögmenn beðnir að skrá í dagbækur sínar við 18. mars: „Árbúsundahátíð LMFÍ“ og mæta síðan á hátíðina í sparifötum með spúsum og skemmta sér ærlega með kollegunum!



# Spron

SPARISJÓÐUR REYKJAVÍKUR OG NÁGRENNIS



# Dómarar framtíðarinnar

*Höfundur flutti erindi um þetta efni á hádegisfundum Lögmannafélagsins þann 10. febrúar s.l. Veitti hann Lögmannablaðinu heimild til að birta erindið. Er það prentað hér án breytinga (ritstj.)*

## **Inngangur**

Dómarar og lögmenn hljóta að vera sammála um að æskilegt sé að dómaraembætti séu skipuð hinum hæfustu lögfræðingum sem völ er á á hverjum tíma. Vissulega er þó ekki allir sammála um hvaða sjónarmið eigi að leggja til grundvallar varðandi það hvaða bakgrunn og eiginleika sé æskilegast að dómari hafi eða um mat á því hvaða einstaklingar falli best að þeim sjónarmiðum. Nokkrir þættir þurfa þó að vera í lagi til þess að um stöður dómara sækji gott úrval af hæfum og dugandi lögfræðingum.

- Gott starfsumhverfi
- Þokkaleg laun
- Gott starfsöryggi
- Góð stjórnýsla dómstóla
- Traust, hlutlægt og sanngjarnt ferli við mat á hæfni umsækjenda og skipun í störf.

## **Hvernig dómarar?**

Veigamikil rök hníga að því að dómarar eigi að vera „generalistar“, hafa góða almenna þekkingu á lögfræði og færni við beitingu þeirrar þekkingar en ekki endilega vera sérfræðingar. Dómari þarf að geta nálgast viðfangsefni frá sjónarhóli þess sem ekki er sérfræðingur á viðkomandi sviði. Flóknar staðreyndir kalla á það að dómariinn fái skýringar frá lögmonnum, með hjálp matsgerða og annarra skjala, fræðiritna og sérfróðra meðdómenda þegar það á við. Betra ætti að vera fyrir lögmann að geta mótað afstöðu dómans fremur en að standa frammi fyrir dómara sem

allt veit og kann á viðkomandi sviði og hefur lítinn áhuga á að láta lögmann breyta þegar mótaðri skoðun sinni.

Dómstólunum og þjóðfélaginu gagnast best að til dómara starfa veljist vel menntaðir lögfræðingar með sem breiðastan bakgrunn, konur og karlar úr mismunandi umhverfi og með reynslu af hinum ýmsu sviðum innlendrar og erlendrar lögfræðiiðkunar. Auðvitað er æskilegt að sem víðtækust starfsreynsla sé saman komin í sama umsækjandanum en það getur þó ekki verið einhlít krafa.

## **Bakgrunnur þeirra sem nú sitja í dómaraembætti?**

Við héraðsdómstólana starfa lögum samkvæmt 38 skipaðir héraðsdómarar. Bakgrunnur þeirra er í grófum dráttum þessi

- Eingöngu starfað innan dómskerfisins, þ.m.t. sem fulltrúar við sýslumanns- eða fógetaembætti fyrir 1992. 25 eða 66%
- Að stærstum hluta innan dómskerfisins. 9 eða 23%
- Innan og utan dómskerfisins. 1 eða 3%
- Ekkert innan dómskerfisins. 3 eða 8%

Af þeim 13 sem einhverja reynslu höfðu af störfum utan dómskerfisins störfuðu 6 við lögmennsku í 1 ár eða lengur og 7 við stjórnýslu af ýmsu tagi 1 ár eða lengur. Frá 1. júlí 1992 hefur verið skipað í 10 dómaraembætti og í þau hafa hlotið skipun 3 starfandi dómarar, 4 dómarafulltrúar, 2 starfandi lögmenn og 1 úr stjórnýslu.

Hinum dæmigerða héraðsdómara mætti lýsa sem rúmlega 50 karlmanni sem byrjaði starfsferil sinn sem fulltrúi sýslumanns eða á dómstól og var skipaður dómari 35-40 ára.

## **Hafa dómstólalögin ábrif á það hverjir sækja um dómarastöður?**

Um starfsvettvang dómara gildir eftirfarandi samkvæmt dómstólalögum:

- Fjöldi skipaðra dómara er lögbundinn 38
- Dómstólaráð ákveður fjölda dómara við hvern héraðsdómstól.
- Dómstólaráð ákveður við hvaða héraðsdómstól dómari skuli eiga fast sæti.
- Dómstólaráð getur ákveðið að allt að þrjú héraðsdómarar eigi ekki fast sæti við tiltekinn dómstól heldur sinni þeir störfum við alla héraðsdómstóla eftir því sem þeim kann að vera úthlutað af málum við hvern þeirra. Þeir skulu þó hafa fasta starfsstöð við tiltekinn dómstól.
- Héraðsdómari á rétt á að skipta um starfsvettvang svo fljótt sem verða má eftir að hafa starfa í þrjú ár samfleytt við sama dómstól eða án fasts sætis við tiltekinn dómstól.
- Hægt er að færa héraðsdómara milli héraðsdómstóla gegn vilja hans í allt að sex mánuði á hverju 10 ára tímabili.
- Dómarar sem skipaðir voru fyrir 1. júlí 1998 verða ekki fluttir á milli dómstóla gegn vilja sínum.

Lítill reynsla er komin af dómstólalögum og ákvæði þeirra hafa ekki haft í för með sér nein vanda-mál hingað til. Helstu kostir lagaákvæðanna er sveigjanleiki. Hægt er að setja dómara þar til starfa þar sem þörfin er mest á hverjum tíma. Lögin hvetja lögfræðinga til að sækja um héraðsdómarastöður utan Reykjavíkur þar sem von er á flutningi eftir rúm 3 ár. Hægt er að flytja dómara til starfa í umdæmum

sem lítil áhugi er á. Lögín hafa þann kost fyrir dómara sem hljóta dómarastöður utan höfuðborgarsvæðisins en vilja aðeins deilja þar skamman tíma að þeir geta vænst þess að fá flutning eftir rúm þrjú ár. Ókostirnir eru þeir að dómara geta þurft að sæta nauðungarflutningi í 6 mánuði á 10 ára fresti.

Þegar til framtíðar er lítið er viss hættu á að núverandi fyrirkomulag fæli lögfræðinga, sem telja má eftirsóknarverða fyrir dómskerfið, frá því að sækja um dómarastöður. Raunveruleikinn er sá að stöður á höfuðborgarsvæðinu eru almennt eftirsóttari og ávallt fleiri umsækjendur um þær. Langskólageingið fólk virðist síður vilja fara út á land. Þriggja ára dvöl úti á landi kann að fæla ýmsa góða lögfræðinga frá því að sækja um dómara starf. Þeim bjóðast einfaldlega ýmis önnur störf við hæfi á höfuðborgarsvæðinu sem ekki eru bundin þessum kvöðum. Á hverju ári losnar að jafnaði ein eða tvær stöður héraðsdómara. Flutningur dómara úr þeim umdæmum sem kunna að reynast síður eftirsóknarverð til höfuðborgarsvæðisins getur gert það að verkum að þorri nýrra dómaraembætta losnar í framtíðinni á minni stöðum á landsbyggðinni. Með fullri virðingu fyrir því ágætisfólki sem sitja í dómaraættum á landsbyggðinni er hættu á því að þegar til lengdar lætur geti dómstóla lögín haft óheillavæleg áhrif á hvernig dómara stéttin endurnýjast. Sérstaklega má benda á hlut kvenna í því sambandi. Ætla má að staðan sé enn slík hér á landi að erfiðara sé fyrir konur að drösla körlum sínum út á land en öfugt. Lögín gætu því leitt til þess að konum fjölgi ekki í dómara stétt. Á móti má spyrja; er það ekki einmitt kraftmesta og duglegasta fólk ið sem treystir sér til að fara út á land. Er það ekki einmitt slíkt fólk sem við þurfum í dómara stéttina.

### **Um samspil hæfnisnefndar og veitingavalds**

Dómstólar er ólýðræðislegar stofnanir í eðli sínu og standa

lengst frá almenningi allra stofnana. Sérstaklega á það við hér á landi þar sem leikmenn taka ekki þátt í dómstórum í sakamálum sem leikdómara eða kvíðdómendur. Sjálfstæðir dómstólar eru þó mikilvæg forsenda lýðræðislegra stjórnarháttá. Í sjálfstæði dómara og sjálfstæðu dómvaldi felst þó alls ekki að dómstólar eigi að búa við fullkomna sjálfstjórn. Undirtónninn í þriggreiningu ríkisvaldsins er að hver hinna þriggja þátta tempri vald hinna. Þannig temprast dómvaldið t.d. af því að dómara eru skipaðir af framkvæmdarvaldi og löggjafinn getur breytt lögum eða jafnvel stjórnarskrá í kjölfar dóma.

-----

### *Af framangreindu leiðir að dómara eiga ekki og mega ekki ráða því hverjir hljóti dómaraembætti.*

-----

Af framangreindu leiðir að dómara eiga ekki og mega ekki ráða því hverjir hljóti dómaraembætti. Til þess hafa þeir hreinlega ekki umboð. Dómsmálaráðherra skipar héraðsdómara. Hæfnisnefnd um umsækjendur um störf héraðsdómara hefur starfað frá 1992. Hæfnisnefnd þessi sem skipuð er dómurum að tveimur þriðju hlutum á fyrst og fremst að tryggja það að hæfir umsækjendur verði skipaðir.

### **Sjónarmið varðandi mat á hæfni**

Hin almennu hæfisskilyrði dómara er að finna í 2. mgr. 12. gr. dómstólalaga. Hæfnisnefnd hafa verið settar reglur um störf sín nr. 693/1999. Í 4. gr. þeirra er að finna upptalningu á atriðum sem nefndin skal hafa til hliðsjónar við mat á hæfni umsækjenda. Vísbendingu um fleiri sjónarmið varðandi hæfnismatið er auk þess að finna í 4. mgr. 4. gr. sem mælir fyrir um gögn sem nefndin getur krafist umsækjendur um. Auk þessa getur

nefndin sett sér verklagsreglur við mat á hæfni umsækjenda.

Mjög nákvæmar reglur um mat á hæfni umsækjenda geta snúist upp í andhverfu sína. Þegar verið er að mæla óljós og óregluleg fyrirbæri er tilgangslaus að hafa mælitækið mjög nákvæmt. Niðurstaðan getur hvort eð er aldrei orðið mjög nákvæm. Hæfnisnefnd verður þó að vinna eftir grófum en þó hlutlægum mælikvörðum en jafnframt að taka tillit til ýmissa einstaklingsbundinna eiginleika sem hlutlægir mælikvarðar passa illa á. Hæfnisnefndin verður auk þess að beita innsæi við hið vandasama mat sitt á umsækjendum þótt niðurstaðan verði að sjálfsögðu að standast hlutlæga skoðun,

Vandamál hæfnisnefnda er að störf þeirra miða eðli sínu samkvæmt að því að fá upplýsingar úr fortíðinni. Lítið er í baksýnispegilinn. En hvenær notar bílstjóri baksýnispegil, jú þegar hann bakkar. Hæfnisnefnd hlýtur því einnig að verða að horfa fram á við og freista þess að reyna hið ómögulega, að spá í framtíðina. Hverjir umsækjenda eru líklegir til þess að verða góðir dómara. Slíkt mat hlýtur þó stundum að vera erfitt að rökstyðja.

Í þessu samhengi er vert að íhuga hvort hæfnisnefnd eigi að ráða umsækjendum. Þegar nefndin telur einn umsækjenda skara framúr er henni vissulega rétt að ráða honum efst. Þegar lítið ber á milli í hæfi umsækjenda eins og oftast hlýtur að vera getur verið varlegt að ráða hæfum umsækjendum nákvæmlega niður. Með því kann að vera gengið óbeint inn á svið veitingavaldsins og því gert erfiðara fyrir að ástæðulaus. Ráðherra sem ekki velur þann umsækjenda sem hæfnisnefnd hefur talið sjónarmun hæfari sætir gagnrýni. Ráðherra þarf þvert á móti að hafa nokkuð svigrúm til að líta til fleiri sjónarmiða en hæfnisnefnd getur með góðu móti gert til þess m.a. að tryggja hæfilega breidd í dómara stéttinni.

Störf hæfnisnefnda hljóta ávallt

að verða óvinsælt skítverk. Um-  
sækjendum þykir nefnilega marg-  
falt verra að vera hafnað af slíkri  
nefnd en ráðherra. Því ef ráðherra  
er einn að verki er alltaf hægt að  
kenna pólitík eða einhverju öðru  
um.

### **Dómarar framtíðarinnar**

Dómarafulltrúar heyra nú fortíð-  
inni til, þótt nokkrir slíkir finnst  
enn í stöðum reynsludómara, auk  
þess sem fólk með mikla reynslu af  
dómstörfum vinnur önnur lög-  
fræðistörf. Dómstörf hljóta að telj-  
ast góð reynsla fyrir þann sem  
sækir um stöðu dómara. Stöður að-  
stoðarmanna eru hugsaðar sem  
skammtímastöður fyrir tiltölulega  
nýútskrifaða lögfræðinga og fleyta  
fólki vart einar og sér í dómara-  
stöður. Meðal dómara framtíðar-  
innar geta vissulega orðið fyrrver-  
andi dómarafulltrúar eða aðstoðar-  
menn dómara. Líklegt er þó að á  
næstu árum setjist í stöður dómara  
lögfræðingar með mun fjölbreyttari  
bakgrunn en hingað til. Í því sam-  
bandi má vekja sérstaka athygli á  
því að á öllum Norðurlöndunum  
líta dómsmálayfirvöld svo á að fjöl-  
breyttari raddir þurfi í dómarakór-  
inn og er sérstaklega litið til starf-  
andi lögmanna í því sambandi.  
Rökin eru þau helst að lögmenn  
séu vel heima í réttarfari og öðrum  
sé ekki betur treystandi til að beita  
lögum af því sjálfstæði sem nauð-

synlegt er í dómstörfum. Ekki  
kæmi því á óvart þótt staðan yrði  
orðin sú eftir 10 ár að hinn dæmi-  
gerði nýskipaði héraðsdómari yrði  
lögmaður, með farsælan feril að

baki, á aldrinum 45-55 ára. Hvort  
þeim dómara gengur betur að  
finna hina réttu niðurstöðu í  
hverju máli skal hins vegar ósagt  
látið.

## **AÐFARARGERÐIR**

eftir Markús Sigurbjörnsson, hæstaréttardómara

Fæst hjá Bóksölu stúdenta og á skrifstofu L.M.F.Í.

— o o o —

Aðrar bækur útgefnar af Námssjóði L.M.F.Í.:

Dómar um bótaábyrgð hins opinbera 1920-1984

Dómar í félagarétti 1968-1988

Dómar í sjóréttarmálum 1965-1982

Dómar um veðréttindi 1920-1988

Dómar í skaðabótamálum 1979-1988

Dómar í skaðabótamálum 1973-1978

Dómar um almennt einkamálaréttarfar

***Námssjóður Lögmannafélags Íslands***

## **Groa@leiti.is**

### **Efni: nýja stórlögmannsstofan.**

Blessuð. Ég var að lesa Moggann minn og sá þessa  
gasalega huggulegu mynd af öllum lögmönnum  
sem voru að stofna nýja stórlögmannsstofu. Það var  
bara eitt sem ruglaði mig alveg. Ég verð nú að játa  
að ég fattaði aldrei þetta þras um hvenær aldamótin  
verða/urðu — um síðustu áramót eða þau næstu, en  
ég hélt hins vegar að það væri ekki hægt að reka  
lögmannsstofu í 93 ár (frá 1907) og stofna hana svo.  
Hvernig er það hægt??

*kveðja, Gróa.*

### **Efni: Nafnið á risalögmannsstofunni.**

Blessuð aftur. Nafnið á nýju stofunni er soldið  
skrítið ekki satt. Mér datt strax í hug mexíkanska  
danshljómsveitin Los Locos. Ekki eru þeir að skýra í  
höfuðið á henni? Er ekki svolítil ruglingshætta eins  
og það heitir í auðkennaréttinum?

*kveð þig aftur, Gróa.*

# Nýr starfsmaður félagsdeildar Lögmannafélagsins

Lögmannafélaginu hefur bæst nýr liðsmaður, Jóna Kristjana Kristinsdóttir sem einkum mun starfa að málefnum félagsdeildar Lögmannafélagsins. Lögmannablaðið af þjóðkunri forvitni vildi fræðast og bar því upp nokkrar spurningar.

*Fyrst Jóna er að inna eftir ætt og uppruna og menntun.*

Ég fæddist þann 30. nóvember 1959 í Reykjavík. Foreldrar mínir eru þau Kristinn Sigurðsson húsa-smiður og Erna Gunnarsdóttir fyrirverandi leikskólastarfsmaður. Fyrstu ár ævi minnar bjó ég í Langholtshverfinu en flutti 9 ára í Fossvoginn þar sem ég hef búið nær óslitið síðan, reyndar flutti ég fyrstu búskaparár mín í miðbæinn. Ég er gift Sigurgeiri G. Þórðarsyni solumanni hjá Víkurvögnum ehf. og eigum við eina dóttur, Ernu Agnesi sem verður 10 ára í vor.

Frá árinu 1978 til ársins 1983 starfaði ég sem einkaritari hjá Sölu- miðstöð hraðfrystihúsanna. Árið 1983 ákvað ég að breyta til og hófust þá mín fyrstu kynni af lögmannastéttinni þegar ég hóf störf hjá Lögmonnum á Klapparstíg, þeim Othari Erni Petersen og Gísla Baldri Garðarssyni. Þar starfaði ég í fimm ár en skrifstofan flutti á tím- anum og varð að Lögmonnum við Austurvöll og bættist þá í hópinn Skarphéðinn Þórisson. Á sama tíma lauk ég stúdentsprófi frá öld- ungadeild Menntaskólans við Hamrahlíð. Stuttu eftir áramótin 1988 ákvað ég að kveðja lögmen- n og reyndi fyrir mér á öðrum vett- vangi, fór t.d. í Háskólann og kynnti mér fjölmiðlafræði í stuttan tíma. En lögmennt fóru ekki langt því árið 1988 fór ég að vinna hjá þeim ágætu hjónum Svölu og Gylfa Thorlacius. Þar vann ég þar til dóttir mín fæddist árið 1990.



*Jóna Kristjana  
Kristinsdóttir*

Eftir góðan tíma sem heimavinn- andi húsmóðir fór ég enn af stað og aftur koma lögmennt inn í vinnuferlið. Nú var það aftur Othar Örn Petersen en hann var nú fluttur í Borgartún 24. Þar starfaði ég næstu fimm árin á Málflutnings- skrifstofunni sem síðar varð A&P Lögmennt. Vann ég þar með mörg- um ágætum lögmonnum sem sum- ir hverjir hafa snúið sér að öðrum störfum innan lagarammans. Fyrstu árin sem ég starfaði á lögmanns- stofunum voru störf ritara mjög fjölbreytt. Það má segja að starfið hafi spannað allt frá A-Ö og kom ég td. að nær öllum störfum inn- heimtunnar nema þeim störfum sem sneru að mótum í fjárnám og uppboð o.fl. þess háttar. Hin síðari ár var ég komin meira í sérhæfðari verkefni eins og eignaumsýslu o.fl. Þeir lögmennt sem ég hef starfað hjá hafa sinnt nær öllum tegundum lögmenntsku og því hafa kynni mín verið mjög fjölbreytt bæði hvað varðar innsýn inn í störf lögmannta og mismunandi rekstrarform lög- manntstofa frá einyrkjum til sam- einlegs reksturs.

Það má segja frá því til gamans að þegar ég hóf störf hjá Lög- monnum á Klapparstíg árið 1983 að þá var ritvél in aðalvinnutæki rit- arans og þótti gott að vera með rit- vél með leiðréttingarborða. Ég man að eitt af fyrstu verkefnum mínum var að vélrita stefnu fyrir

Gísla Baldur sem hann hafði lesið inn á diktafón. Ekki tókst nú rit- anum betur til en svo að ég skyldi nánast ekki eitt einasta orð af því sem maðurinn sagði. Það var ekki af því að hann væri óskýrmæltur heldur hitt að hér var um sérhæft tungumál lögfræðinnar að ræða og orð sem ég hafði aldrei heyrt eins og t.d. „in solidum“. Mig minnir að 10% hafi verið rétt ritað af því sem þar stóð, en Gísl Baldur og Othar Örn gáfust ekki upp á unga nýlið- anum. Reyndar ári síðar var tölvu- öldin búin að hefja innreið sína og tókum við þá strax upp nýjar vinnuáðferðir. Þetta eru kannski ekki mörg ár eða tæplega 18 en sú bylting sem hefur orðið í allri vinnu er ótrúleg.

Á árum mínum hjá A&P Lög- monnum ákvað ég að breyta alfar- ið um starfsvettvang og fór að hugsa minn gang. Veturinn 1995 auglýsti Endurmenntunarfórn Háskóla Íslands nýtt nám, Mark- aðs- og útflutningsfræði. Námið var ætlað fólki á vinnumarkaðinum sem vildi leggja fyrir sig mark- aðstengd störf. Ég sló til, sótti um og fékk inngöngu. Fyrsti hópurinn útskrifaðist í mars árið 1997 og var ég í þeim hópi.

Námið var mjög skemmtilegt og nýttist mér vel sú reynsla sem ég hafði hlotið meðal lögmannta. Enn var komið að nýju stefnumóti og réðst ég til starfa hjá Flugleiðum innanlands í mars árið 1997. Þar var ég ráðin til að markaðssetja flugfrakt innanlands. Var flugfrakt- in deild með 9 starfsmenn og hafði ekki mikil markaðssetning á frakt- inni átt sér stað. Starfið var ögran- di og var mikið í húfi að standa sig vel svona nýútskrifaður. Nokkrum mánuðum síðar tók ég við starfi deildarstjóra fraktarinnar og starf- aði ég þar til í janúar á þessu ári.

### *Hvað réði því að þú sóttir um starf hjá Lögmannafélaginu?*

Ég var búin að starfa í tæp þrjú ár hjá Flugfélagi Íslands við markaðs- og stjórnumarstörf. Mér hafði gengið vel við það sem ég var að gera og aukið tekjur fraktinnar umtalsvert frá þeim tíma sem ég tók við. Ég hafði áhuga á að minnka við mig vinnu svo ég gæti verið meira heima með dóttur minni og þarna kom tækifærið, hlutastarf sem tengdist lögmönnum og ég gat nýtt mér reynslu mína af lögmansstofum og markaðssetningu.

### *Nú ert þú ráðin til starfa við félagsdeild Lögmannafélagsins, hvort verður verkvið þitt.*

Aðalstarf mitt verður að sjálf-sögðu nær allt tengt félagsdeildinni. Þessa stundina hefur mikil vinna farið í að setja af stað bestu-kjarasamninga fyrir lögmenn en hingað til hefur ekki verið gerður neinn samningur við fyrirtæki um afslætti né tilboð. Viðbrögð fyrirtækja hafa verið mjög jákvæð og hafa þeir sem leitað hefur verið til sýnt áhuga á að vera með í heildarpakkanum. Strax hefur fengist verulegur afsláttur hjá stórum fyrirtækjum sem sjá hag sinn í viðskiptum við lögmenn. Ennfremur mun ég vinna með fræðslunefnd að endur- og símenntun lögmanna og einnig koma með hugmyndir um námskeið fyrir starfsmenn á lögmansstofum. Heimasíða LMFÍ er einnig til endurskoðunar og verður fljótlega hafist handa við gerð nýrrar heimasíðu ásamt því að halda nýrri heimasíðu lifandi þegar hún verður komin í gagn. Ég tel vel heppnaða heimasíðu vera mikilvæga í markaðssetningu og vel til þess fallna að skapa jákvæða ímynd af stéttinni. Það er að sjálf-sögðu margt fleira sem ég mun sýsla við eins og útgáfumál, ímyndauppbyggingu, gæðamál, bókasafnmál, orlofsmál og fl. Ef við tökum t.d. gæðamálin þá tel ég margt hægt að laga. Lögmenn fá mörg símtöl á dag frá umþjódendum sínum sem eru að spyrja um gang mála og hver staðan sé hverju sinni. Þessar fyrirspurnir

geta tekið óratíma og stundum bíða mörg skilaboð að loknum vinnudegi. Þetta mál er hægt að leysa á einfaldan hátt. Senda viðskiptavininum afrit af bréfum og öðrum gögnum er varða málið. Þetta er einfalt, gerir viðskiptavininn ánægðan og sparar lögmanninum tíma við úthringingar. Það er t.d. svona smáatriði sem getur bætt ímyndina út á við.

*Félagsdeildinni hefur nýlega verið komið á fót. Hvernig sérð þú fyrir þér starfsemi deildarinnar? Á bín einungis að vera blutmengi úr einni heild sem áður var, eins og sumir hafa nefnt eða sérðu fyrir þér að starfsemi hennar verði umfangsmeiri heldur en að sinna einvörðungu þeim bluta af gamalgróinni starfsemi Lögmannafélagsins sem ekki getur tilbeyrt skylduaðildarfélagi?*

Ég sé fyrir mér að Félagseildin verði sterk og traust innan félagsins. Lögmenn eiga að standa saman að uppbyggingu deildarinnar og gera deildina öfluga, það er


allra hagar. Deildin á að vera leiðandi og byggja upp jákvæða ímynd af stéttinni sem nær út í þjóðfélagið. Ég er auðvitað aðeins búin að vera í starfinu í mánuð þannig að heildarmyndin á eftir að skila sér.

### *Hvernig lýst þér svo á starfið og félagsmennina.*

Mér lýst vel á hvorutveggja. Eins og ég gat um fyrr þá hef ég unnið í þessu umhverfi í 12 ár þannig að ég vissi út í hvað ég var að fara. Það er margt framundan hjá Félagseildinni sem verður spennandi að fást við. Ég kem frá öðru sjónarhorni inn í deildina með sýn á störf lögmanna út frá reynslu minni sem starfsmaður lögmansstofu en ekki sem lögfræðingur. Við hefur bæst reynsla mín í markaðsmálum. Ég hlakka til að fá að taka þátt í uppbyggingu á Félagseildinni og fylgjast með deildinni vaxa og verða einn af mættarstólunum í starfinu.

## IL PLÚS 2000

Sérhæft innheimtakerfi sem byggir á margra ára þjónustu við lögmenn



### NÝ ÚTGÁFA!

Nýja útgáfan *IL PLÚS 2000* er Windows 95/98 NT samhæfð. Hægt er að samnýta upplýsingar úr henni með öðrum kerfum og hún keyrir nú á SQL gagnagrunnum. Margar aðrar nýjungar koma einnig fram sem gera kerfið en fullkomnara.

- Fleiri bréf
- Vörpun bréfa yfir í ritvinnslu
- Afturköllun/frestun aðfararbeiðna
- Frestun nauðungarsölu

**PRÓUN**

Tölvu- og rekstrarráðgjöf

Höfðabakka 9 - Sími 570 7000 - [www.throun.is](http://www.throun.is)

# Hverjir verða dómamarar framtíðarinnar?

*Höfundur flutti erindi um þetta efni á hádegisfundum Lögmannafélagsins þann 10. febrúar s.l. Veitti hann Lögmannablaðinu heimild til að birta erindið. Það er prentað hér án breytinga (ritstj.).*

Meðal íslenskra lögfræðinga hefur lengi tíðkast sá háttur að þeir feti strax eða fljótlega eftir lögfræðipróf inn á ákveðna braut í starfi og dveljist á henni lengi vel, oft alveg út starfsferilinn. Lífshlaupið gengur þá út á að öðlast starfsframa innan viðkomandi brautar. Sumir byrja í fulltrúastörfum einhvers staðar í stjórnsýslu, hjá ráðuneytum eða ríkisstofnunum. Þeir verða síðar deildarstjórar, forstöðumenn eða jafnvel ráðuneytisstjórar á þeim sama vettvangi. Aðrir byrja sem fulltrúar á lögmannsstofum. Þeir verða fyrst héraðsdómslögmennt og svo hæstaréttarlögmennt. Einhvern tíma á leiðinni hætta þeir að vinna fyrir aðra og taka að stunda málflytningu á eigin vegum. Sumir ráðast fljótlega til kennslustarfa við Háskólann eða aðrar menntastofnanir. Við Háskólann byrja menn oft sem stundakennarar en öðlast svo framgang og enda, ef gæfan er þeim hliðholl, sem prófessorar.

Svið lögreglu- og ákærvalds er sérstakur heimur í þessu tilliti. Þar byrja margir fljótlega eftir lögfræðipróf og dveljast ævilangt þó að þeir færast oft á milli stofnana. Í eina tíð tilheyrði sakadómur þessum heimi. Það breyttist við dómstólabreytinguna 1992. Loks hafa margir byrjað sem dómarafulltrúar og keppst þá við að öðlast starfsframa innan dómkerfisins og verða héraðsdómarar. Hæstaréttardómarar koma oftast úr röðum héraðsdómara eða prófessora, þótt jafnan séu dæmi um annað, einkum að þeir eigi starfsferil sem hæstaréttarlögmennt að baki. Auðvitað eru á þessu öllu ýmsar undantekningar en ég hygg að flestir fundarmanna geti verið mér sam-

mála um að þetta sé heildarmynstrið.

Það er auðvitað fyrst og fremst persónulegt mál fyrir hvern og einn, hvar hann vill starfa. Um það ræðum við ekki hér. Við viljum hins vegar velja því fyrir okkur, hvort þessir hættir séu heppilegir fyrir réttarkerfið sem slíkt og það hlutverk sem við öll viljum að það gegni sem best. Eða væri kannski heppilegra fyrir það kerfi að einstaklingar færu meira á milli starfsbrautanna og öðluðust reynslu á mörgum sviðum? Sérstaklega beinum við á þessum fundi sjónum okkar að dómurum. Með sanni má segja, að dómamarar gegni hinum þýðingarmestu störfum í dómkerfinu. Þeir segja nefnilega endanlega til um það í einstökum tilvikum, hvað teljast skuli gildandi réttur í landinu. *Ög við spyrjum hvort það sé heppilegt fyrirkomulag að flestir dómamarar skuli að langmestu leyti aðeins hafa blotið starfsreynslu sína af dómstörfum.*

Ég tel það mega teljast almennt talað heppilegt, að lögfræðingar sem ráðast til svo þýðingarmikilla og vandasamra starfa sem dómstörfín eru, hafi hlotið starfsreynslu af öðrum sviðum. Þetta tel ég ekki síst eiga við um dómara við Hæstarétt, enda hafa niðurstöður hans alveg sérstakt gildi fyrir réttinn í landinu, svonefnt fordæmisgildi. Best væri, ef unnt reyndist, að sameina í einum og sama mannum góða fræðilega þekkingu í lögfræði og svo starfsreynslu af sem flestum sviðum, þar sem lögfræðiþekkingar er þörf. Alveg sérstaklega tel ég æskilegt að dómamarar hafi öðlast starfsreynslu sem lögmennt eða málflytjendur, hvort orðið sem menn vilja fremur nota um þessa

alræmdu stétt manna. Skal það nú skýrt nánar.

Ég held að önnur störf á sviði lögfræði og dómsýslu kalli varla á meiri persónulega ábyrgð, en málflytningastörfín gera. Starf málflytningasmanns felst í að taka að sér gæslu tiltekinna hagsmuna einstaklinga, atvinnufyrirtækja eða stofnana fyrir dómi. Starfið er skapandi í þeim skilningi að til þess heyrir að hanna dómsmálið ef svo má að orði komast. Málflytningismaðurinn semur dómkröfurnar og ákveður málsástæðurnar, þ.e.a.s. á hverju dómkröfurnar skuli byggðar. Hann ákveður sönnunarfærsluna. Um þetta snýst dómsmálið upp frá því. Takist málflytjanda illa upp við þessi störf, er honum, eða öllu heldur umbjóðandanum, umsvifalaust refsað. Þar er engin félagsleg miskunn á ferðinni. Málinu er umbúðalaust vísað frá dómi ef formið er ekki í lagi og sé málatilbúnaðurinn gallaður kemur það, án nokkurrar miskunnar, niður á þeim hagsmunum sem málflytningmanninum var trúað fyrir. Þetta er harður skóli, sem leyfir ekkert fúsk. Vilji menn standa sig í þessu starfi verða þeir að vanda sig - alltaf. Það þýðir ekkert að segja við einn kunnann að í lagi hafi verið að klúðra hans máli vegna þess að maður hafi klúðrað svo fáum öðrum. Það er engum vafa undirorpið, að þessi harði skóli er til þess fallinn að veita mönnum þjálfun í öguðum vinnubrögðum á sviði lögfræðinnar. Vinnubrögðum sem teljast verða nauðsynlegur þáttur hjá starfandi dómurum.

Lögfræðingur sem hefur bara starfsreynslu við dómstólana hefur ekki starfað við þessi skilyrði. Mál

eru lögð fyrir dómara klippt og skorin. Dómkröfurnar liggja fyrir, málsástæður aðilanna og sönnun-argögnin. Af þessu er dómari bundinn og þess vegna felst í starfi hans fyrst og fremst val milli mismunandi fyrirbyggjandi kosta. Það val getur auðvitað verið mjög vandasamt og í sumu tilliti vandasamara heldur en starf málflytjandans, sem þarf ekki að sýna öndverðum málstað neina sérstaka tillitssemi, þó að vissulega tilheyrir vönduðum málflytningi að skilja málstað andstæðingsins, eins og andstæðingurinn skilur hann sjálfur. En hin persónulega ábyrgð dómars á mistökum er ekki sú sama og málflytjandans. Hún er miklu fjarlægari. Dómari svarar ekki til neinnar ábyrgðar eftir að dómurinn er kveðinn upp. Að vísu þurfa héraðsdómarar að sæta því að dómum þeirra kunni að verða áfrýjað og hnekkt. En sú ábyrgð er nánast bara akademísk. Það þýðir þó ekki að hún hafi minni þýðingu. Eins og áður sagði gegna dómarar hinum þýðingarmestu og þar með ábyrgðarmestu lögfræðistörfum mælt á mælikvarða samfélagsins alls. Ábyrgð þeirra er hins vegar ekki svo nærgöngul sem ábyrgð málflytjendanna er, ef svo má að orði komast. Maður sem hefur þurft að taka ábyrgð á störfum sínum í návígi við þann sem hlut á að máli, eins og málflytningismaðurinn hefur þurft að gera, hefur gengið í gegnum skóla, þar sem hann hefur haft viðvarandi til efni til að beita öguðum vinnubrögðum við lögfræðiiðkun sína. Slík þjálfun er til þess fallin að gera hann að betri lögfræðingi og felur í sér notadrjúgan undirbúning í að axla hina fjarlægari samfélagslegu ábyrgð, sem tilheyrir dómurum.

Svo er annað. Lögmenn tala við fólk. Í gríni hefur stundum verið sagt um dómara að þeir tali aldrei við fólk; þeir tali bara við lögmenn. Og prófessorar tali heldur ekki við fólk, bara laganema og þá sé oftast aðeins talað í aðra áttina. Í þessu léttúðuga tali felst viss sannleikskjarni. Málflytningmenn

komast í miklu nánari snertingu heldur en dómarar við það fólk, sem á þá hagsmuni sem um er þingað í dómsmálunum. Þeir upplifa það áreiðanlega stærkar en aðrir lögfræðingar, að lagareglur eru ekki bara stafir á blaði. Beiting þeirra skiptir oft sköpum fyrir lifandi fólk, sem stundum á lífshagsmuni eða velferð sína undir. Taka má dæmi af manni sem sakaður er um refsiverða háttsemi en neitar að hafa framið verknadinn sem ákært er fyrir. Reglan þýðingarmikla um að menn skuli teljast saklausir þar til sekt sannast, er ekki neinn hégómi í augum þessa manns. Málflytningismaður, sem tekið hefur að sér slíkt mál sem verjandi, öðlast skilning á því að reglan þolir ekki afslætti, t.d. vegna þess að slíkra afsláttu sé krafist af hagsmuna- eða þrýstihópum á viðkomandi mála sviði. Dómari, sem þarf að beita þessari reglu, er líklegur til að hafa öðlast dýpri skilning á henni hafi hann upplifað þýðingu hennar með þessum hætti. Þessi sjónarmið eiga við í þeim margvíslegu tilvikum þar sem reynir á lagareglur um réttarvernd borgara fyrir misbeitingu ríkisvalds.

-----

*Dómari svarar ekki til neinnar ábyrgðar eftir að dómurinn er kveðinn upp.*

-----

Flest dómsmál, sem málflytjendur fást við, eru þannig vaxin að tekist er á um einkaréttarlega hagsmuni á báða vegu. Ég tel að í slíkum tilvikum sé líka heppilegt að dómari hafi reynslu af því návígi við málsaðila sem fylgir lögmennsstarfinu. Í því efni er auk annars nauðsynlegt að hafa í huga, að snar þáttur í starfi lögmanna er að skýra fyrir fólki, hvers vegna það eigi ekki þau réttindi sem það telur sig eiga og hvers vegna ekki sé grundvöllur fyrir kröfugerð og málssókn. Góður lögmaður hefur því tamið sér hlutlægni og aga í meðferð þeirra mála sem hann fjallar um.

Auk alls þessa skal það líka

nefnt til sögunnar að lögmenn hafa í störfum sínum oft komist í nána snertingu við atvinnulíf í landinu. Enginn vafi er á að reynsla af slíkum störfum er heilladrjúg fyrir lögfræðing sem ræðst til starfa sem dómari.

Á Bretlandi mun ríkja sú lagahefð, að dómarar við áfrýjunardómstóla séu jafnan valdir úr röðum svonefndra barristera, þ.e.a.s. þeirra lögmanna sem flytja málin við dómstólana þar í landi. Líklega hafa Bretar fyrir löngu áttað sig á þeim sjónarmiðum sem ég hef mælt fyrir í þessu stutta erindi. Að vísu munu barristerar ekki tala við fólk fremur en íslenskir dómarar. Þeir tala bara við solisítora. Það eru lögmenn sem taka að sér verkefni fyrir þá sem eiga erindi við dómstóla en ráða svo barristera til málflytningans. Allt að einu eru barristerar lögfræðingar sem hafa fengið þjálfun í að fara með hina mismunandi hagsmuni fyrir dómi undir þeim aga og þeirri ábyrgð gagnvart málsaðilum sem ég nefndi.

Fundarboðandi spyr: „Hverjir verða dómarar framtíðarinnar?“. Kannski er ætlast til að við frum-mælendurnir göngum í hlutverk spákvenna og veitum svör við þessu. Ég hef tekið eftir því með sjálfan mig, að ég er slök spákona. Stundum hef ég jafnvel átt erfitt með að spá fyrir um möguleika málsaðila sem taka þarf ákvörðun um málsókn. Að því hef ég vikið á öðrum vettvangi. Ég læt því alla spádóma lönd og leið að þessu sinni. Ég segi bara, að þeir sem fjalla eiga í framtíðinni um dómaraefni ættu að hafa í huga megin-sjónarmið af því tagi, sem ég hef hér gert að umtalsefni. Hitt er svo jafnljóst, að við val á mönnum í störf verður aldrei fundin upp sú töfraformúla sem leysir allan vanda. *Þess vegna verður t.d. alltaf mögulegt, þótt ótrúlegt sé, að lögfræðingur, sem aldrei hefur gert neitt annað en að vinna við dómstóla, verði miklu betri dómari, heldur en lífsreynður en ferðalúinn bæstaréttarlögmaður sem sækir um á móti honum.*

# Breytingar á félagatali

Sem fyrir eru birtar í blaðinu breytingar á félagatali Lögmannafélagsins. Um nánari upplýsingar varðandi símanúmer, fax og netföng vísast til símaskrár og heimasíðunnar [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is).

## *Ný málflytningarréttindi fyrir Héraðsdómi:*

### **Jón Finnbogason, hdl.**

Burnham International á Íslandi  
Engjateigi 9, 105 Reykjavík

### **Þröstur Þórsson, hdl.**

Hafnastræti 20, 101 Reykjavík

### **Dagmar Sigurðardóttir, hdl.**

Austurströnd 3, 170 Seltjarnarnesi

### **Heimir Örn Herbertsson, hdl.**

Skólavörðustíg 6 B, 101 Reykjavík

### **Andri Villhjálmur Sigurðsson, hdl.**

Samtök atvinnulífsins  
Garðastræti 41, 101 Reykjavík

### **Börkur Hrafnsson, hdl.**

Lögvern ehf.  
Faxafeni 5, 108 Reykjavík

## *Fluttir lögmenn:*

### **Ólafur Axelsson, hrl.**

Lögmannsstofa Ólafs Axelssonar ehf.  
Kringlan 7, 12.hæð, 103 Reykjavík  
Í samstarfi við Ólaf Gústafsson, hrl.

### **Logi Egilsson, hdl.**

Hlíðasmári 8, 3.hæð, 200 Kópavogi

### **Ágúst Sindri Karlsson, hdl.**

Íslandssími hf.  
Borgartúni 30, 105 Reykjavík

### **Ketill Sigurjónsson, hdl.**

Umhverfisverndarsamtök Íslands  
Reynigrund 39, 200 Kópavogi.

### **Þórður S. Gunnarsson, hrl.**

Seljugerði 8, 108 Reykjavík

### **Bergur Guðnason, hdl.**

Skattaþjónustan ehf.  
Garðastræti 37, 101 Reykjavík

### **Þórir Örn Árnason, hdl.**

Skipholt 50 d. 105 Reykjavík

### **Jóhannes Rúnar Jóhannesson, hdl.**

Austurstræti 18, 101 Reykjavík

### **Jón Ingvar Pálsson, hdl.**

Ingólfsstræti 5, 4.hæð, 101 Reykjavík

### **Valgeir Pálsson, hrl.**

Tryggingamiðstöðin  
Aðalstræti 6-8, 101 Reykjavík

### **Sigurður Sigurjónsson, hrl.**

Skeifunni 19, Ph.8700, 128 Reykjavík

### **Þórdís Bjarnadóttir, hdl.**

Bæjarhrauni 2, P.H. 633, 222 Hafnarfjörður

### **Landslög ehf**

Hafnarhvoli (6. hæð) Tryggvagötu 11  
101 Reykjavík

### **LOGOS lögmannsþjónusta**

Borgartúni 24, 105 Reykjavík  
S: 5-400-300, fax: 5-400-301  
(áður A&P lögmenn og Málflytningsskrifstofa)

## *Ný málflytningarréttindi fyrir Hæstarétti Íslands:*

### **Lilja Jónasdóttir, hrl.**

### **Jóhannes A. Sævarsson, hrl.**

## *Eldra leyfi leyst út:*

Páll Ásgrímsson, hdl.  
Kristín Halldórsdóttir, hdl.  
Sigurlaug Kristín Jóhannsdóttir, hdl.  
Þórður Bogason, hdl.



# Fyrir því stefnist...

Á síðustu misserum hefur 32. gr. Siðareglna Lögmannafélags Íslands nokkuð leitað á hugann:

*„Lögmaður skal jafnan fyrir lögsókn kynna gagnaðila framkomnar kröfur skjólstæðings síns og gefa kost á að ljúka máli með góðu.“*

Ástæða þessa er hversu títt það gerist nú um stundir að fjölmiðlum séu sendar fréttatilkynningar þar sem frá því er greint að tilkynnandinn sé að höfða mál. Oft virðast slíkar tilkynningar vera sendar nánast um leið og ákvörðun um málshöfðun hefur verið tekinn, jafnvel áður en aðilinn hefur lagt málsgrundvöllinn í smáatriðum niður fyrir sér. Í slíkum tilvikum virðist brenna við að gagnaðilinn, sá sem málsóknin á að beinast gegn, frétti það úr fjölmiðlum að hann eigi málshöfðun yfir höfði sér og fréttir það kannski um leið af hvaða tilefni sú málsókn á að vera. Fátt verður þá um svör þegar fjölmiðlamenn inna þann aðila eftir afstöðu til málsóknarinnar. Þegar fréttir eru síðan fluttar af slíkum boðuðum málsóknum er gerð grein fyrir málstað stefnandans en málsrök stefnda til andsvara liggja ekki fyrir þannig að verulega hallar á þann aðila.

Ýmsar ástæður kunna að vera fyrir því hve mjög þessar fjölmiðlaþingfestingar virðast færast í vöxt.

Stundum eru hin væntanlegu dómsmál liður í áróðursstríði málsaðila um umdeild þjóðfélagsleg málefni, virkjanir og gagnagrunna til dæmis. Þá er mönnum oft mikið niðri fyrir við að koma málstaðnum á framfæri. Í öðrum tilvikum virðast rökin ekki vera önnur en fjölmiðlafíkn þess sem í hlut á, nú eða að tilgangurinn er að setja þrýsting á gagnaðilann:

Hér verður ekki höfð skoðun á því hversu smekklegar eða ósmekklegar baráttuaðferðir einstakra hagsmunahópa eða aðila eru. Stundum helgar tilgangurinn meðalið en því fer fjarri að svo sé alltaf.

Í ljósi Siðareglna Lögmannafélagsins ættu lögmenn hins vegar að gjalda ærhug við að ljá atbeina sinn að svona málshöfðunum í fjöl-

miðlum. Næg tækifæri eru til að fjalla um dómsmál á vettvangi dómstólanna. Nú og svara fyrirspurnum fjölmiðla um málið eftir að dómsmálið er „fætt“. Við þær aðstæður er báðum málsaðilum tækt að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi sakarefni málsins. Slík framgangna hlýtur að vera í anda góðra lögmannshátta sem um er fjallað í I. hluta siðareglanna.



**Þátttakendur á fyrsta námskeiði til öflunar beraðsdómsslögmansréttinda.**



# Frá endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands Námskeið fyrir lögfræðinga

## Félagaréttur nr. 226

Kynning á helstu féлагаformum og sjálfseignarstofnunum og nokkrum grundvallaratriðum félagaréttar, einkum réttarstöðu stjórnar og félagsmanna og ábyrgð þeirra eftir ólíkum féлагаformum.

Meðal efnis: Viðfangsefni félagaréttar (hugtakið félag, munurinn á félögum og sjálfseignarstofnunum, réttshæfi); helstu féлагаform, val á þeim og stofnun; ábyrgð stofnenda, stjórnenda og félagsmanna í sameignarfélögum / einkahlutafélögum og hlutafélögum / ófjárhagslegum félögum. Ennfremur verða sérstaklega til umfjöllunar sjónarmið um brottfall ábyrgðartakmörkunar (d. ansvarsgennembrud) og misnotkun féлагаforma með takmarkaðri ábyrgð félagsmanna.

**Kennarar:** Áslaug Björgvinsdóttir lögfræðingur og aðjúnkt við HÍ og Jóhannes Sigurdsson hæstaréttarlögmaður og stundakennari við HÍ.

**Tími:** 14. og 16. mars kl. 16:00-19:00.

**Verð:** 9.100 kr.

## Að semja lagafrumvörp nr. 223

Reglur sem gilda um gerð þingskjala. Gerð lagafrumvarpa - lagatæknileg atriði sem þarf að hafa í huga. Ferli þingskjala og tæknivinna við gerð þeirra.

**Kennarar:** Þórður Bogason forstöðumaður nefndasviðs Alþingis og Helgi Bernóðsson vara-skrifstofustjóri Alþingis.

**Tími:** 22. og 23. mars kl. 16:00-19:00

**Verð:** 9.100 kr.

## Skattlagning söluhagnaðar, valréttarsamninga og skattasniðganga nr. 228

Skattlagning söluhagnaðar: Farið yfir þær reglur sem gilda um sölu eigna skv. íslenskum skattalögum, frestunarmeildir og þær leiðir sem lögin bjóða uppá til temprunar á skattlagningu af söluhagnaði. Farið yfir mismunandi reglur sem í gildi eru eftir því hvaða eignir er verið að selja og hver er að selja þær. Skattlagning valréttarsamninga: Farið í valréttarsamninga almennt, þ.e. hvers eðlis eru slíkir samingar og í hvaða tilvikum þeir eru

helst notaðir. Skattlagningarreglur um slíka samninga hérlendis og samanburður við þær reglur er gilda um slíka samninga erlendis.

Skattasniðganga: Hugtakið skattasniðganga skilgreint og farið í hvort almenn skattasniðgöngu-regla sé til staðar í íslenskum skattarétti með athugun nýlegra dóma og úrskurða yfirskattanefndar. Innihald slíkrar reglu og mörk lögmætrar lágmarkunar skatta og ólögmætrar skattasniðgöngu könnuð.

**Kennarar:** Árni Harðarson hdl. og Kristján Gunnar Valdimarsson skrifstofustjóri eftirlitsskrifstofu skattstjórnans í Reykjavík.

**Tími:** 20. og 21. mars kl. 16:00-19:00.

**Verð:** 9.100 kr.

## *Athugið! Nýr tími á eftirfarandi námskeið:*

### Rafræn eignarskráning verðbréfa nr. 224

Þáttakendum veitt innsýn í þau réttaráhrif sem hin rafræna skráning hefur í för með sér. Farið verður í helstu breytingar sem verða í viðskiptum með verðbréf eftir að rafræn eignarskráning hefur átt sér stað, en samkv. nýlegum lögum um efnid, nr. 131/1997, verða viðskipti með hin áþreifanlegu bréf ógild eftir að þeim hefur verið breytt í rafbréf. Loks verður tölvukerfið á bak við starfsemina kynnt.

**Kennarar:** Einar Sigurjónsson framkvæmdastjóri og Einar Baldvin Stefánsson lögfræðingur, báðir hjá Verðbréfaskráningu Íslands.

**Tími:** 12. apríl kl. 16:00-19:00.

**Verð:** 5.800 kr.

Einnig eru í boði fjölmörg önnur áhugaverð námskeið. Má þar helst nefna námskeið tengd persónulegri hæfni, fjármagnsmarkaðnum, námskeið um gæðastjórnun og forystu og markaðs- sölu og þjónustunámskeið.

Sjá nánar vefsíðu Endurmenntunarstofnunar **HÍ:**  
**www.endurmenntun.hi.is**

# Stefnuvottar

*Nokkrar breytingar hafa orðið í stétt stefnuvotta. Lögmannablaðinu þykir til hlýða að geta um þær breytingar svo og að birta tilkynningar sem borist hafa frá vottunum og umsjónarmönnum þeirra:*

## Sýslumaðurinn í Reykjavík

Brynja Sigurðardóttir  
Grundartanga 22  
270 Mosfellsbæ

er varastefnuvottur í Mosfellsbæ í stað Björns Halblaubs.

## Sýslumaðurinn á Egilsstöðum

Halldór Njálsson, Kötlucesvegi 1, Bakkafirði, Norður Múlasýslu vill alls ekki vera stefnuvottur. Enn stendur yfir leit að nýjum stefnuvotti og verður að notast við póstin meðan sú leit stendur yfir.

## Sýslumaðurinn Bolungarvík

Þorsteinn Jónsson  
Holtabrún 16,  
Bolungarvík  
Er varastefnuvottur í Bolungarvík í stað Jósteins Bachmann.

## Sýslumaðurinn á Höfn

Stefnuvottar í Sveitarfélaginu Hornafirði:  
Svava Kristbjörg Guðmundsdóttir, Silfurbraut 10, 780 Höfn  
Arna Ósk Harðardóttir, Miðtúni 10, 780 Höfn  
Steinþór Torfason, Hala I Suðursveit, 781 Höfn  
Ólafur Sigurðsson, Svínafelli I Suðurbæ Örafum 785, Fagurhólsmýri  
Til vara er Hreinn Eiríksson, Hæðargarði 13, 781 Höfn.

Benedikt Egilsson í Volaseli telst ekki lengur stefnuvottur í sinni sveit eftir að Bæjarhreppur sameinaðist öðrum hreppum Austur-Skaftafellssýslu í Sveitarfélagið Hornafjörð.

Yfirlýsing þessi er send að beiðni Benedikts.

Af þessu tilefni er því beint til félagsmanna Lögmannafélags Íslands að yfirleitt er hentugra og kostnaðarminna að fá þjónustu Íslandspósts til þess að birta stefnur, kvaðningar og aðrar tilkynningar hér í sveitunum í Hornafirði því vegalengdir eru það mikla að umtalsverður bílkostnaður og fyrirhöfn verður af sérstökum ferðum stefnuvotta út um sveitirnar.

## Sýslumaðurinn á Eskifirði

Tilkynnir að Vilborg Kjerulff, Nesgötu 16, Neskaupstað og Dagmar Ásgeirsdóttir, Sæbakka 20, Neskaupstað hafa verið skipaðar stefnuvottar á Neskaupstað.

## Sýslumaðurinn á Blönduósi

Stefnuvottar í Húnaþingi vestra eru:  
Böðvar Sigvaldason, Barði, 531 Hvammstanga og Eggert O. Levy, Garðavegi 12, 530 Hvammstanga er til vara

Sveitarfélög í Vestur-Húnavatnssýslu sem voru Þorkelshólshreppur, Þverárhreppur, Kirkjuhvammshreppur, Hvammstangahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur og Staðahreppur voru sameinuð undir nafni Húnaþings vestra.

## Endurrit hæstaréttardóma

L.M.F.Í. lætur fjölfalda og sendir áskrifendum endurrit hæstaréttardóma á mánaðarfresti.

Endurritin eru í lausblaðaformi og með efnisyfirliti.

**Áskrift er hægt að panta á skrifstofu L.M.F.Í., í síma 568-5620.**

# Lífeyrisparnaður

Landsbankans

Árið 2030  
munt þú  
geta gert  
ótrúlegustu  
hluti.

Vertu viss um  
að þú hafir efni á því.

GOTTOLIK MCGANN-ERIKSSON - SA



- framtíðin bíður eftir þér

- Fjölbreytt val í**
- Lífeyrisbók Landsbankans: 2,2% viðbótarlífeyrissparnaður
  - Fjárvörslureikningar Landsbréfa: 2,2% viðbótarlífeyrissparnaður
  - Íslenski lífeyrissjóðurinn: 2,2% viðbótarlífeyrissparnaður
  - Íslenski lífeyrissjóðurinn: 10% lögbundið lágmarksiðgjald
  - Lífis lífeyrissöfnun: 2,2% viðbótarlífeyrissparnaður

Þjónustuver 560 6000 | Opíó frá 8 til 19



**Landsbankinn**

Betri banki